

283. fundur Skólanefndar FS

13. mars 2007



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Ingimundur Þ. Guðnason, Páll Ingólfsson, Garðar Páll Vignisson, Albert Albertsson, áheyrnarfulltrúarnir Guðbjörg Jónatansdóttir og Valgerður Björk Pálsdóttir, Steinunn Tómasdóttir fjármálastjóri, Kristján Ásmundsson aðstoðarskólameistari og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Uppgjör 2006.
2. Fjárhagsáætlun 2007.
2. Önnur mál.

1. Uppgjör 2006.

Skólameistari kynnti rekstraráætlun skólans og sagði frá fundi með fulltrúum menntamálaráðuneytis þar sem rætt var um rekstur skólans. Niðurstaða uppgjors fyrir árið 2006 var mjög góð og var frávik innan við 1%.

2. Fjárhagsáætlun 2007.

Steinunn Tómasdóttir fjármálastjóri kynnti fjárhagsáætlun fyrir árið 2007 en gert er ráð fyrir útgjaldahækkunum vegna launahækkana, aukinnar endurmenntunar starfsmanna, sérfræðipjónustu og almennra verðlagshækkana. Skólameistari sagði frá þróunarverkefnum, m.a. kennslu 10. bekkinga, raungreinabúðum og fjölgun námsbrauta. Þá kynnti hann hugmyndir um viðbyggingu við skólann sem yrði mun hagkvæmari en bygging nýs skóla. Ákveðið að halda sérstakan fund um stækkun húsnæðisins.

3. Önnur mál.

- a) Skólameistari sagði frá vetnisverkefni og fyrirhugaðri heimsókn Jóns Björns Skúlasonar, framkvæmdastjóra Íslenskrar nýorku.
- b) Skólameistari sagði frá ákvörðun Gunnars Sveinssonar, fyrsta formanns skólanefndar, um að leggja 10 milljónir króna í styrktarsjóð skólans ásamt Samkaupum. Verið er að vinna að stofnskrá sjóðsins en í stjórn hans sitja fulltrúar fjölskyldu Gunnars, Samkaupa og skólans. Skólanefnd fagnar þessari ákvörðun og þeim hug sem hún lýsir til skólans.
- c) Skólameistari minnti á að ráðning hans gildir til 31. maí 2007. Hann hefur fengið bréf frá ráðuneyti þar sem kemur fram að staða skólameistara verður auglýst ákveði Hjálmar Árnason að taka ekki við henni aftur. Formanni falið að kanna málið og upplýsa síðan nefndarmenn.

- d) Spurt um fjarnám nemenda í Grindavík og hvort hægt sé að hafa útsendingu beint úr tíma. Rætt um að þetta þyrfti að auglýsa sérstaklega.
- e) Spurt um fyrirhugaða herferð gegn noktun munntóbaks í skólanum. Hún fer af stað í haust.
- f) Skólameistari sagði frá því að nýnemar verða kallaðir inn fyrr í haust í sérstaka kynningu, hópefli o.fl. Einnig sagt frá breytingum á SAM-áfanga.

Fleira ekki gert og fundi slitið.



Kristján Ásmundsson,
fundarritari